



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 26/2008

Kvörtun Beiersdorf ehf. yfir fullyrðingum Celsus ehf. á Proderm sólvörn

I. Erindið

Neytendastofu barst erindi Beiersdorf ehf. með bréfi, dags. 21. febrúar 2008. Í erindinu er kvartað yfir því að auglýsingar Celsus ehf. á Proderm sólvörn brjóti gegn ákvæðum 5. og 6. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Í erindinu segir að Celsus hafi auglýst Proderm sólvörn með villandi hætti þar sem gefið sé í skyn að varan hafi eiginleika sem ýmist séu afar óljósir eða ósannaðir. Rétt notkun vörunnar sé nauðsynlegt öryggi neytenda gagnvart skaðlegum geislum sólar og því sé skaðlegt að varan sé auglýst með villandi hætti. Kvörtunin lítur að tveimur fullyrðingum í auglýsingum Celsus.

A. „Skráð læknavaða“ / „læknisfræðileg sólvörn“

Í auglýsingum Celsus er annars vegar fullyrt að sólvörnin sé sú eina sem skráð sé læknisfræðileg og hins vegar að sólvörnin sé skráð læknavaða og eina læknisfræðilega sólvörnin. Að mati Beiersdorf eru fullyrðingarnar villandi skv. 6. gr. laga nr. 57/2005 bæði af almennum sem og sérstökum sjónarmiðum. Þá eru auglýsingarnar að mati Beiersdorf óhæfilegar gagnvart hagsmunum neytenda skv. 5. gr. sömu laga.

Ekki sé nokkur leið að átta sig á því hvað felist í fullyrðingunum. Hugtökin „læknisfræðileg sólvörn“ og „skráð læknavaða“ gefi neytendum til kynna að sólvörnin hafi einhverskonar læknisfræðilega verkun og sé jafnframt eina sólvörnin sem það geri. Hugtakið „skráð læknavaða“ gefi í skyn að læknar noti hana við störf sín en geti það ekki staðist og því sé um rangar og villandi fullyrðingar að ræða. Þá er tekið fram að á vefsíðu framleiðanda vörunnar sé ekki að finna fullyrðingar þess að varan hafi læknisfræðilega eiginleika.

Á vettvangi Evrópusambandsins hafi á undanförunum árum verið unnið að því að bæta úr merkingum og auglýsingum á sólbaðsvörum. Leiddi sú vinna til þess að árið 2006 tóku gildi



sérstök tilmæli um fullyrðingar á virkni sólvagnar. Í tilmælunum sé auglýsingum og fullyrðingum um virkni sólvagna og eiginleika skorin þröngur stakkur sökum þess falska öryggis sem sólvörn geti veitt gagnvart skaðlegum geislum sólar, sé hún auglýst með villandi hætti. Auglýsingarnar eigi því, skv. tilmælunum, að vera ótvíræðar og hafa tiltekna merkingu. Fullyrðingar Celsus um „læknisfræðilega sólvörn“ og „skráða læknavöru“ hafi auk þess að vera villandi ekki tiltekna merkingu í skilningi tilmælanna.

Í erindinu segir einnig að óheimilt sé að auglýsa lækningamátt drykkja, matvæla, neyslu- og nauðsynjavara, skv. 23. gr. læknalaga nr. 53/1988. Þó framkvæmd laganna heyri ekki undir Neytendastofu sé rétt að benda á umrætt ákvæði til hliðsjónar því þegar metið sé lögmæti auglýsinganna.

B. „6 klukkutíma sólarvörn“

Í auglýsingum Celsus er fullyrt að Proderm sólvörn veiti „6 klukkutíma sólarvörn“ og að „vörnin þoli í 6 klst. svita, sand og sjó“. Að mati Beiersdorf verða fullyrðingarnar ekki skildar á annan veg en að hafi maður borið á sig Proderm sólvörn sé hann varinn í sólinni næstu sex klukkustundir.

Slík fullyrðing fái ekki staðist. Virkni sólvagnar miðist í öllum tilvikum a.m.k. við þrjá þætti: húðgerð viðkomandi, þeim stuðli sólvagnar sem notuð er og í hversu sterkri sól viðkomandi er. Þá þurfi einnig að taka tillit til endurspeglunar, þess hversu oft viðkomandi fer í vatnið, þurrkar sér o.fl. Það kunni að vera að rannsóknir hafi sýnt að í einhverjum tilvikum geti sólvörnin dugað allt upp í sex klukkustundir en að mati Beiersdorf sé það afar villandi og beinlínis hættulegt að fullyrða að varan veiti sex klukkustunda vörn.

Bent er á að í fyrirnefndum tilmælum framkvæmdastjórnar ESB sé lögð rík áhersla á að það sé grundvallaratriði til þess að sólvörn virki sem skyldi að hún sé ítrekað borin á húðina með ákveðnu millibili og fari tímalengd þess að sjálfsögðu eftir aðstæðum hverju sinni.

Fullyrðingar Celsus um „6 klukkutíma sólvörn“ óháð svita, sundferðum eða þurrkun með handklæði séu því villandi og ósannar. Celsus hafi því brotið gegn ákvæðum 5. og 6. gr. laga nr. 57/2005 með auglýsingu fullyrðingarinnar.



II. Málsmeðferð

1.

Erindi Beiersdorf var sent Celsus til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 25. febrúar 2008. Svar barst með bréfi, dags. 9. apríl 2008, þar sem kvörtunum Beiersdorf er svarað í sömu röð og í erindi.

A. „Skráð læknavara“ / „læknisfræðileg sólvörn“

Í bréfi Celsus segir að fyrirtækið hafi frá árinu 1995 flutt inn vörur Proderm frá Svíþjóð. Vörurnar hafi verið skráðar sem lækningatæki þegar þær komu fyrst á markað í Svíþjóð og því hafi hið sama verið gert hér á landi. Vörur frá Proderm séu hins vegar ekki lengur skráðar sem lækningatæki í Svíþjóð og verði því hætt að birta fullyrðingar þess efnis í auglýsingum Celsus.

B. „6 klukkutíma sólarvörn“

Af hálfu Celsus er fullyrðingum Beiersdorf um að auglýsingar Celsus á Proderm sólvörn hafnað sem röngum og vísað til rannsókna Inversk Research og Stephens & Associates Inc.

Í bréfi Celsus segir að í skýrslu Inversk Research vegna rannsóknar sem framkvæmd var hinn 11. september 2003 komi fram að eftir tvö böð og loftþurrk hafi Proderm sólvörn með sólvörnarstuðli 20 haldið að meðaltali 71,4%. Niðurstaða rannsóknarinnar sé að varan feli í sér meðalgóða vörn bæði í því tilviki að viðkomandi fór í bað og ekki og að varan sé því vatnspolin. Í skýrslu Inversk Research vegna rannsóknar sem framkvæmd var í febrúar 2002 komi fram að Proderm sólvörn með sólvörnarstuðli 35 hafi haldið að meðaltali 75% eftir bað. Í skýrslu Stephens & Associates Inc. vegna rannsóknar sem framkvæmd var í apríl 2002 komi fram að Proderm sólvörn með sólvörnarstuðli 15 hafi haldið í allt að átta tíma. Í skýrslu Inversk Research vegna rannsóknar sem framkvæmd var á tímabilinu júní til ágúst 2002 segir að þrátt fyrir handklæðapurrkun eftir veru í vatni í 20 mínútur í hvert sinn hafi Proderm sólvörn með styrkleika 15 haldið 64,2% styrkleika sínum eftir fjögur böð og 43% styrkleika eftir níu böð. Að öðru leiti óskaði Celsus trúnaðar á skýrslum rannsóknaraðila.

Celsus áréttar að tilvitnuð tilmæli Evrópusambandsins sem vísað er til í erindi Beiersdorf hafi ekki leitt til breytinga á lögum eða reglugerðum eða setningu laga eða reglugerða hér á landi.

2.



Bréf Celsus var sent Beiersdorf til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 11. apríl 2008. Svar barst með bréfi, dags. 21. apríl 2008, þar sem m.a. eru ítrekuð fyrri rök.

A. „Skráð læknavara“ / „læknisfræðileg sólvörn“

Að mati Beiersdorf er í svari Celsus ekki svarað erindi Beiersdorf enda lúti kvörtun Beiersdorf að því að Proderm sólvörn sé auglýst sem læknisfræðileg. Svör Celsus miði hins vegar að því að sólvörnin verði ekki framar auglýst sem lækningartæki.

B. „6 klukkutíma sólarvörn“

Að mati Beiersdorf er ljóst af útdrætti úr þeim rannsóknum sem Celsus vísa til að enginn rannsóknanna styðji fullyrðingar Celsus um að hafi einstaklingur borið Proderm sólvörn á sig sé hann varinn í sólinni næstu sex klukkustundir þrátt fyrir að hafa verið í sjó eða sundlaug, í sandi, hafi svitnað og þurrkað sér með handklæði.

Um útdrátt úr fylgiskjali 1 segir að þar sé vísað til þess að eftir tvö böð og loftþurrkun hafi 71,4% verið eftir af vörninni. Ekki sé tekið fram hver sé lengd baðanna en skv. þessu sé líklega rétt að varan sé vatnsþolin enda sé í þeim efnum vísað til þess að meira en 50% sé eftir af vörninni eftir 2 x 20 mínútna böð. Rannsóknin sanni hins vegar á engan hátt fullyrðingu um sex klukkustunda sólarvörn.

Um útdrátt úr fylgiskjali 2 segir að vísun til þess að sólarvörn með sólarvarnarstuðli 35 hafi að meðaltali haldið 75% eftir bað styðji enn frekar það sem segir um fylgiskjal 1 enda ekki sannað að vörnin verji gegn skaðlegum geislum sólar í sex klukkustundir.

Í bréfinu segir að sú rannsókn sem reifuð sé úr fylgiskjali 3 hafi ekkert með hinar umþrættu fullyrðingar Celsus að gera. Fullyrt sé í rannsókninni að sólvörn með stuðul 15 hafi „haldið“ í allt að átta tíma. Rannsóknin sýni hins vegar ekki fram á réttmæti fullyrðinga Celsus um sex klukkustunda vörn óháð böðum, svita og handklæðapurkki.

Um útdrátt úr fylgiskjali 5 segir að ekki sé unnt að réttmæta fullyrðingu um sex klukkustunda sólarvörn og að ekki þurfi að bera sólvörnina aftur á eftir að búið sé að vera í sjó eða sundlaug, að hún þoli sjó, sund, svita, sand, leik og handklæðapurkun með því að rannsóknin sýni að eftir níu böð hafi einungis 43% verið eftir af sólvörninni. Viðkomandi sé langt í frá nógu vel varin geislum sólar með 43% af sólvörninni.

Um athugasemdir Celsus um tilmæli Evrópusambandsins um virkni sólvarnar og fullyrðingar um slíkt segir í bréfi Beiersdorf að um sé að ræða tilmæli sem ekki séu bindandi og hafi ekki bein



réttaráhrif. Tilmælunum verði því ekki beitt á sama hátt og lögum og hafi þau ekki leitt til breytinga á íslenskum lögum. Í dómum Evrópuþómsstólsins sé hins vegar vísað til slíkra tilmæla þrátt fyrir að þau hafi ekki bein réttaráhrif. Tilmælin sýni hvaða kröfur séu gerðar í Evrópu til fullyrðinga og upplýsinga í auglýsingum um virkni sólvagnar.

3.

Bréf Beiersdorf var sent Celsus til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 25. apríl 2008. Svar barst með bréfi, dags. 2. júní 2008, þar sem m.a. eru ítrekuð eru fyrri rök. Með bréfi Celsus fylgdi álit Guðmundar Karls Snæbjörnssonar læknis, dags. 1. júní 2008, á fullyrðingum Celsus.

A. „Skráð læknavaða“ / „læknisfræðileg sólvörn“

Í bréfi Celsus segir að allar auglýsingar sem skilja megi sem svo að vísað sé til læknisfræðilegra eiginleika Proderm hafi verið felldar úr gildi og verði ekki birtar aftur.

B. „6 klukkutíma sólarvörn“

Um fylgiskjal nr. 1 segir að rannsóknin sýni með afgerandi hætti að Proderm sólvörn sé vatnspolin. Rannsókninni hafi ekki verið ætlað að rannsaka hversu lengi vörnin endist og eigi getgátur Beiersdorf, um að niðurstöður rannsóknarinnar bendi til þess að vörnin geti ekki enst í sex klukkustundir, því ekki við rök að styðjast.

Um fylgiskjal nr. 2 segir að þessi rannsókn sýni einnig fram á vatnsheldni vörunnar. Því sé ekki haldið fram að rannsóknin sýni fram á önnur atriði.

Um fylgiskjal nr. 3 segir að í fyrra bréfi Celsus sé gerð grein fyrir því að sólvörnin hafi haldið í allt að átta tíma og þær niðurstöður bornar saman við niðurstöður á rannsókn í fylgiskjali nr. 4 sem tók til annarra sólvagna en Proderm. Rétt sé að þátttakendur hafi ekki farið í það enda hafi því ekki verið haldið fram.

Um fylgiskjal nr. 5 segir að þessi rannsókn sé hugsanlega sú mikilvægasta sem lögð hafi verið fram enda sýni hún fram á að eftir níu böð haldi vörnin enn 43%. Eftir böðin níu hafi verið liðnir meira en sex klukkutímar frá því að vörnin var borin á, þ.e. fyrst 15 mínútur eftir að vörn var borin á og síðan níu 40 mínútna tímabil sem skiptust hvert um sig í 20 mínútur í vatni og 20 mínútna biðtíma. Rannsóknin sýni því að Proderm sólvörn uppfylli viðmið Colipa¹. Samkvæmt Colipa staðlinum² sé ekki áskilin handklæðapurrkun sem þó hafi verið beitt í rannsókninni. Því

¹ Evrópusamtök snyrtivöruframleiðanda

² Guidelines for Evaluating Sun product Water Resistance



sé augljóst að hefðu böðin einungis verið fjögur og ekki viðhöfð handklæðapurrkun hefði styrkleiki varnarinnar eftir sex klukkustundir verið mun meiri en 43%.

Með bréfinu lagði Celsus fram nýja rannsókn þar sem fram kemur að eftir fjögur böð hafi sólarvarnarstuðull Proderm sólvornar með stuðul 35 enn verið 33 og Proderm sólvörn með stuðul 20 hafi enn verið 17.

Þá segir í bréfinu að fullyrðingar Celsus um endingartíma sólvornarinnar í sex klukkustundir eftir baðferðir með handklæðapurrki sé byggð á niðurstöðum rannsóknar í fylgiskjali 5. Þegar allar rannsóknirnar séu bornar saman megi sjá að fullyrðingar um sex klukkustunda vörn óháð svita, sandi, sjó og handklæðapurrkun séu byggðar á vísindalegum rannsóknum. Því séu auglýsingarnar ekki í andstöðu við ákvæði laga nr. 57/2005. Þá er ítrekað að auglýsingarnar séu ekki í andstöðu við tilmæli Evrópusambandsins. Hafa verði í huga að þrátt fyrir að vísað sé til tilmæla í dómum Evrópudómstólsins verði ekki sýnt fram á hvort og með hvaða hætti þeim sjónarmiðum sem fram koma í tilmælunum yrði beitt. Við skoðun á tilmælunum hjá íslenskum yfirvöldum verði einnig að hafa í huga að skv. 2. mgr. 3. gr. EFTA samningsins nái skylda Íslands hvað varði dóma Evrópudómstólsins sem kveðnir séu upp eftir undirritun EES samningsins eingöngu til þess að taka tilhlýðilegt tillit til þeirra meginreglna sem mælt sé fyrir um. Yfirvöld séu ekki skuldbundin til að fylgja úrlausnum dómstólsins með sama hætti og gildi um eldri úrlausnir skv. 6. gr. laga nr. 2/1993 um evrópska efnahagssvæðið.

Í álit Guðmundar Karls Snæbjörnssonar fjallar hann um þær rannsóknir sem vísað er til í bréfum Celsus. Styður álit hans þær umfjallanir.

4.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 9. júní 2008, til aðila málsins var þeim tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

III.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kvartar Beiersdorf yfir fullyrðingum Celsus í auglýsingum í fjölmiðlum og á vefsíðu fyrirtækisins á Proderm sólvörn. Telur Beiersdorf að Celsus hafi með fullyrðingunum um að Proderm sé skráð læknavaða, læknisfræðileg sólvörn, veiti sex klukkustunda sólvörn og þoli sex klukkustundir af svita, sandi og sjó hafi Celsus brotið gegn ákvæðum 5. og 6. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.



Við meðferð málsins ákvað Celsus að hætta að birta allar auglýsingar þar sem vísað sé til þess að Proderm sé læknavara. Fullyrðingar um sex klukkustunda vörn, óháð svita, sandi og sjó, séu hins vegar byggðar á niðurstöðum vísindalegra rannsókna og því ekki um brot á ákvæðum laga nr. 57/2005 að ræða.

Í ljósi þess að hætt hafi verið birtingu auglýsinga með fullyrðingum um að Proderm sé læknavara eða læknisfræðileg mun Neytendastofa ekki fjalla nánar um þann þátt kvörtunarinnar.

2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 segir að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda. Ákvæðið er almenn vísiregla að því er varðar viðskiptasiðferði og er ætlað að stuðla að góðum síðum í viðskiptum. Af ákvæðinu má ráða að í atvinnustarfsemi verði fyrirtæki að virða tiltekin síðferðileg gildi og viðhafa góða viðskiptahætti gagnvart keppinautum sínum og neytendum. Mat á því hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki er lagt í hendur Neytendastofu og dómstóla.

Ákvæði 6. gr. laga nr. 57/2005 er svo hljóðandi:

"Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.

Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála."

Í 6. gr. er gerð krafa um að auglýsingar og aðrar upplýsingar frá fyrirtækjum séu ekki rangar eða villandi. Ákvæðið er almenns eðlis enda með öllu ómögulegt að setja fram tæmandi lista um það hvaða upplýsingar geti talist villandi. Með öðrum upplýsingum er m.a. átt við upplýsingar á heimasíðu fyrirtækja og verða þau því að gæta þess að upplýsingar sem þar koma fram sé hvorki villandi né rangar.

Í erindi Beiersdorf er einnig vísað til tilmæla Evrópusambandsins um fullyrðingar á virkni sólvarnar.³ Skv. 2. tl. 1. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2007 frá 28. september 2007, sem birt er í EES-viðbæti við stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 9/25 frá 21. febrúar 2008, verða tilmælin tekin upp í XVI. kafla II. viðauka við EES samninginn. Enn

³ Commission Recommendation of 22 September 2006 on the efficacy of sunscreen products and the claims made relating thereto. (2006/647/EC)



sem komið er hafa tilmælin ekki verið tekin upp í íslenska þýðingu EES samningsins. Þá hafa þau ekki verið innleidd í íslensk lög eða reglugerðir. Þrátt fyrir að tilmælin hafi ekki verið innleidd í íslenskan rétt og séu ekki bindandi telur Neytendastofa að vegna þjóðréttarlegrar skuldbindingar Íslands við Evrópusambandið og EES verði ekki litið framhjá þeim og koma þau því til fyllingar almennu ákvæði 6. gr. laga nr. 57/2005 í máli þessu.

3.

Í auglýsingum Celsus, sem og á heimasíðu fyrirtækisins, segir um Proderm sólvörn að hún veiti öryggi í allt að sex klukkustundir þrátt fyrir svita húðarinnar, sjó, sundlaug, sand, leik og handklæðapurrkun.

Á heimasíðu Ponsus, framleiðanda Proderm, segir að Proderm sólvörn endist „*Upp til 6 timmar, trots att du svettas, badar och torkar dig.*“⁴ Þá segir á umbúðum sólvörnarinnar „*upp till 6 timmars skydd*“, „*klarar både dad och handduktorkning*“ og „*applicera minst var 6:e timme*“ Framleiðandinn fullyrðir því að vörnin endist í allt að sex klukkustundir þrátt fyrir svita, böð og handklæðapurrkun. Þá kemur fram á umbúðum vörunnar að bera þurfi vörnina á aftur á a.m.k. sex klukkustunda fresti og lögð áhersla á það með undirstrikun.

Að teknu tilliti til tilmæla Evrópusambandsins og þeirrar hættu sem sólargeislar geta valdið einstaklingum geri þeir ekki viðeigandi varúðarráðstafanir t.d. með sólvörn telur Neytendastofa nauðsynlegt að auglýsendur gæti fyllstu varúðar þegar sólvörn er auglýst eða kynnt. Rannsóknir hafa sýnt að vera í sól án notkunar sólarvarnar auki líkur á sortuæxli í húð til muna⁵ og hefur því verið mælt með því að þess sé gætt að bera sólvörn endurtekið á sig að ákveðnum tíma liðnum sem og eftir sund eða önnur böð.⁶ Auglýsendur sólvarna verði því að gæta þess að neytendur öðlist ekki falskt öryggi við notkun vörunnar. Hins vegar er einnig mikilvægt fyrir auglýsendur að hafa tækifæri til að kynna vöru sína og þá eiginleika sem hún sannanlega býr yfir. Við meðferð málsins hefur Celsus lagt fram rannsóknir á Proderm sólvörn sem m.a. sýna fram á að sólvörnin hafi enn haldið að 43% eftir níu 20 mínútna böð og handklæðapurrkun þess á milli. Neytendastofa telur rannsóknirnar mjög trúverðugar og því engum vafa undirorpið að varan sé vatnspolin og haldi einnig þrátt fyrir handklæðapurrkun. Í rannsóknunum virðist ekki vera tekið tillit til svita, sands og leiks þrátt fyrir að í tilmælum Evrópusambandsins sé kveðið á um að upplýsa skuli neytendur um nauðsyn þess að bera vörn endurtekið á eftir svita, sund og handklæðapurrkun.⁷ Þá er á heimasíðu framleiðanda og á umbúðum vörunnar að mati Neytendastofu gerður meiri fyrirvari á fullyrðingunum en í auglýsingum og á heimasíðu Celsus.

⁴ <http://www.ponsus.com/empty.asp>

⁵ Bárður Sigurgeirsson. (2004). Blessuð sólin elska allt ... *Læknablaðið*. 90. árg. (Tekið af <http://www.laeknabladid.is/2004/7/nr/1649>)

⁶ Umhverfisstofnun. (19. september 2007). *Sólgeislun og sólarvarnvörur*. <http://www.ust.is/Adofinni/Frettir/nr/4916> (skoðað 25. júní 2008)

⁷ e. *Re-apply frequently to maintain protection, especially after perspiring, swimming or toweling.*



Í erindi Beiersdorf kemur fram að virkni sólvarnar miðist í öllum tilvikum við a.m.k þrjá þætti: húðgerð viðkomandi, þeim stuðli sólvarnar sem notuð er og í hversu sterkri sól viðkomandi er. Hefur því ekki verið mótmælt af hálfu Celsus. Að mati Neytendastofu er neytendum í auglýsingum sem og á heimasíðu Celsus ekki gerð nægileg grein fyrir því hvaða þættir geti haft áhrif á virkni sólvarnarinnar. Þá kemur fram í gögnum Celsus að fullyrðing um sex klukkustunda virkni feli ekki í sér fullyrðingu um að sami varnarstuðull haldist í sex klukkustundir. Þrátt fyrir að ekki sé í auglýsingunum fullyrt að sólvörnin haldi fullum varnarstyrki í sex klukkustundir telur Neytendastofa fullyrðinguna vísa til þess að einstaklingur sem borið hafi á sig sólvörn geti áhyggjulaus synt og leikið sér í sex klukkustundir án þess að bera aftur á sig sólvörnina, fyrr en að þeim tíma liðnum. Vegna þessa telur Neytendastofa fullyrðingar Celsus mjög varasamar þar sem það getur haft í för með sér alvarleg skaðleg áhrif á húð einstaklings sem tekur fullyrðingunni bókstaflega. Eru þær ekki síður vafasamar þegar litið er til þess að sólarvarnir frá Proderm eru að miklu leiti miðaðar að notkun barna.

Að teknu tilliti til alls framangreinds, tilmæla Evrópusambandsins og ákvæða 6. gr. laga nr. 57/2005 er það mat Neytendastofu að fullyrðing Celsus um að Proderm sólvörn veiti sex klukkustunda vörn þrátt fyrir svita, sand, sjó, leik og handklæðapurrk sé villandi og til þess fallin að veita falskt öryggi gegn skaðlegum geislum sólar í sex klukkustundir.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Celsus ehf., Sörlaskjólí 7, Reykjavík, hefur brotið gegn ákvæðum 6. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins með fullyrðingu í auglýsingum í fjölmiðlum og á vefsíðu fyrirtækisins um að Proderm sólvörn veiti sex klukkustunda vörn óháð svita, sand, sjó, leik og handklæðapurrkun.

Með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 57/2005 bannar Neytendastofa Celsus ehf. að nota framangreinda fullyrðingu um virkni Proderm sólvarnar í auglýsingum sínum.

Bannið tekur gildi einni viku eftir birtingu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 22. ágúst 2008

Tryggvi Axelsson
Forstjóri



Þórunn Anna Árnadóttir